


Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Ósland.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Ósland voru lögð fram til kynningar þann 25. nóvember 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 12. janúar 2021. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá þremur aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



<p>Náttúrustofa Suðausturlands gerði eftirfarandi athugasemdir:</p> <p>Staðreyndavillur og orðalag á nokkrum stöðum í áætluninni.</p> <p>Gerð var athugasemd um umsjónarnefnd fólkvangsins og hvort umhverfisnefnd sveitarfélagsins í dag, Umhverfis- og skipulagsnefnd, væri umsjónarnefnd fólkvangsins?</p> <p>Gerð var athugasemd við kaflann um Helstu ógnir um að bæta inn texta varðandi það að umferð fólks væri líka ógn fyrir svæðið, s.s. með villustígum, rusli og almennum sóðaskap.</p> <p>Náttúrustofan telur að skoða eigi svæðið árlega.</p> <p>Gæta þarf að öryggi við skoðun á jarðminjum og trjá-afsteypum. Það er einungis aðgengilegt á fjöru og steinar og klettur í fjörunni geta verið mjög hálr.</p>	<p><i>Staðreyndavillur og orðalag voru lagfærðar og þakkar stofnunin fyrir góðar ábendingar.</i></p> <p><i>Samkvæmt upplýsingum frá Sveitarfélaginu Hornafirði þá er umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins umsjónarnefnd fólkvangsins.</i></p> <p><i>Samkvæmt ástandsmati síðasta sumars bendir ekki til þess að umferð fólks sé ógn við svæðið að svo stöddu, lítið var um villustíga og ekki var áberandi rusl á svæðinu. Einna helst var að finna rusl og sóðaskap í kringum ruslakör. Að mati sérfræðings á þetta ekki við í þessum kafla.</i></p> <p><i>Orðalag var lagfært og fer Umhverfisstofnun árlega og gerir ástandsmat á svæðinu.</i></p> <p><i>Stefnt er að því að setja upp fræðsluskilti við fólkvanginn þar sem möguleiki verður á að hafa upplýsingar/leiðbeiningar um aðgengi að jarðminjum og trjá-afsteypum.</i></p>
--	---

<p>Skoða hvernig umferð vélknúinna hjóla má vera? Hvað með rafhjól, rafskutlur, vespur og rafhlaupahjól? Hafa textann opnari svo hann nái yfir öll hjól.</p>	<p><i>Orðalagi var breytt í: Óheimilt er að vera á hjólum utan uppbyggðra stíga og vega innan fólkvangsins þar með talin rafknúin hjól sbr. kafla 3.5.5.</i></p>
<p>Landgræðsla ríkisins gerir ekki athugasemdir við áætlunina.</p>	
<p>Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við áætlunina, en vill koma því á framfæri að þegar endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar svæðisins fer fram þarf hún einnig að berast stofnuninni en einnig ef breytingar verða á framkvæmdaráformum frá skipulagstillögu þarf að kynna þær fyrir stofnuninni.</p>	